

**Nd.**

**804. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

*Staðarhérað*: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknis-  
setur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein 8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.